



Reglur um útlán á sýningagripum og vísindasýnum á vegum Náttúruminjasafns Íslands

Reglur þessar taka mið af 6. gr. laga um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007 og 15. gr. safnalaga nr. 141/2011, sem og starfsvenjum á þessu sviði meðal hinna höfuðsafnanna tveggja hér á landi, Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands, auk reglna á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá hefur einnig verið horft til hátta hjá erlendum söfnum, þ. á m. Náttúrufræðisafnsins í London (loans policy, Natural History Museum, London) og siðareglna Alþjóðaráðs safna (ICOM, sbr. Íslandsdeild ICOM).

1. gr.

Náttúruminjasafn Íslands lánar sýningagrip og vísindasýni til sýninga og/eða rannsókna í almannabágu til viðurkenndra safna skv. safnalögum og annarra aðila sem uppfylla þar að lútandi kröfur sem Náttúruminjasafnið setur. Náttúruminjasafnið lánar einstaklingum hvorki sýningagrip né vísindasýni nema í undantekningartilfellum og komi þá sérstakar og ríkar ástæður til.

Munir eru ekki lánaðir námsmönnum, heldur umsjónarmönnum þeirra og viðkomandi stofnun sem getur ábyrgst lánið. Sérstakt samþykki þarf fyrir hvers kyns meðhöndlun muna sem veldur skemmdum á þeim, svo sem vegna krufninga, sneiðtöku, efnagreininga og raðgreiningar á kjarnsýrum.

Um lán til erlendra aðila á náttúrufræðilegum munum kunna að gilda ákvæði í XI. kafla laga nr. 80/2012 um menningarminjar (sbr. 44. og 45 gr.).

2. gr.

Skrifleg beiðni um útlán á sýningagrip eða vísindasýni skal gerð á þar til gerðu eyðublaði og skal berast Náttúruminjasafninu með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Ákvörðun um útlán verður tekin svo fljótt sem unnt er. Sé þörf á forvörslu, eða ef um mikinn fjölda lánsmana er að ræða, getur tekið allt að ári að ganga frá útláni. Æskilegt er að beiðnir um útlán berist fyrir 1. desember vegna komandi árs.

3. gr.

Öll lán og meðferð lánsmana skal vera í samræmi við forvörsluslúsjónarmið til að tryggja varðveislu þeirra. Starfsmenn á vegum Náttúruminjasafnsins annast pökkun, flutning, uppsetningu og niðurtöku sýningagripa, nema um annað sé samið að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Strax að loknum flutningi skal skoða ástand sýningagripa á sýningarstað og tilkynna Náttúruminjasafninu tafarlaust um breytt ástand. Eins skal tilkynna Náttúruminjasafninu strax um breytingar sem kunna að verða á ástandi lánsgripa á meðan á láni stendur. Óheimilt er að breyta aðbúnaði og/eða umgjörð sýningagripa, þ.m.t. sýningarstað, nema með samþykki Náttúruminjasafnsins.

Sýningarhúsnæði og sýningarbúnaður lántaka og/eða rannsóknastæður skulu uppfylla kröfur um öryggi, s. s. viðurkennt bruna- og þjófavarnakerfi. Einnig þurfa aðstæður að uppfylla skilyrði sem sett eru um birtu- og hitastig og rakamagn í andrúmslofti.

4. gr.

Lánþega ber að tryggja muni fyrir þjófnaði eða skemmdum á lánstíma í samræmi við 15. gr. Safnalaga nr. 141/2011. Náttúruminjasafnið ákveður váttryggingarupphæð, sem er trúnaðarmál milli lánþega og safnsins. Afrit tryggingarbréfs skal liggja fyrir áður en lánsgrípur er afhentur.

5. gr.

Við sérhvert lán sýningagripa og vísindasýna skal gerður lánsamningur þar sem tilgreina skal heiti sýningagrips eða vísindasýnis, safnnúmer, eintakafjölda, ábyrgðarmann hjá viðkomandi aðila, lánstíma, flutningshátt og tryggingar. Einnig skal ástandsskýrsla fylgja þar sem tilgreint er ásigkomulag lánsmuna og skilyrði varðandi aðstæður á lánsstað. Í skýrslunni er kvittað fyrir eftirlitsskoðun sýningagripa og vísindasýna eftir komu á lánsstað, fyrir flutninga til baka og við afhendingu til Náttúruminjasafnsins. Lánþegi og fulltrúi Náttúruminjasafnsins kvitta fyrir afhendingu og móttöku bæði við útlán og skil.

Miðað er við að fjöldi eintaka af vísindasýnum í útláni hverju sinni fari ekki yfir helming af safnkosti hvernar tegundar.

6. gr.

Nafneintök (e. *type specimen*) lífverutegunda og önnur vísieintök (e. *voucher specimen*) eru lánuð lengst í sex mánuði, en önnur eintök, sýningagripir þar með taldir, í allt að eitt ár. Óski aðili eftir að fá muni að láni lengur en í eitt ár telst það vera langtímalán. Hámark langtímaláns er þrjú ár.

Náttúruminjasafnið hefur eftirlit með munum sem eru að láni lengur en í sex mánuði og fer það alla jafna fram einu sinni á ári.

7. gr.

Lánþega er óheimilt að ljósmynda eða gera aðrar eftirmyndir af munum sem hann hefur fengið að láni nema sérstaklega sé um það samið.

8. gr.

Allur kostnaður við útlán skal greiddur af lánþega, svo sem kostnaður við tryggingar, ljósmyndun, afgreiðslu, forvörslu, pökkun og flutning, uppsetningu sýningagripa, auk úttektar á sýningarstað og eftirlits með lánsgrípum, nema um annað sé samið.

9. gr.

Náttúruminjasafnið áskilur sér rétt til að afturkalla lánsmuni ef skilmálum er ekki framfylgt, ef breytingar verða á aðstæðum lánþega, eða nauðsynlegt reynist að nota muni í útláni á aðrar sýningar eða til rannsókna.

Reykjavík, 7. apríl 2014.